

39. ársþing Blaksambands Íslands 2011

Haldið í Reykjavík 14. maí

Þinggerð

Jason Ívarsson formaður BLÍ býður þingfulltrúa velkomna til þings. Í upphafi ræðu sinnar minnst hann Matthíasar Bjarka Guðmundssonar sem lést fyrr á árinu. Þingfulltrúar rísa úr sætum til þess að votta hinum látna virðingu sína.

Jason minnst á góða afkomu sambandsins á rekstrarárinu 2010 og þakkar það aðhaldssamri stjórn og helstu styrktaraðilum sem eru: Mikasa umboðið Munir og merking, Bridgestone umboðið Betra grip, Icelandair group og Flugfélag Íslands.

Stór útgjaldaliður hjá sambandinu er kostnaður við landslið. Landsliðsstarfið er hinsvegar nauðsynlegt m.a. til þess að laða yngri iðkendur að íþróttinni og til þess að geta tekið þátt og fá viðurkenningu í alþjóðlegur blakstarfi.

Jason minnst einnig á rýran hlut BLÍ þegar kemur að úthlutun afreksstyrkja úr sjóðum ÍSÍ svo og skammarlega lítinn stuðning ríkisvaldsins við íþróttastarfið í landinu.

Starf BLÍ byggir, líkt og starf margra annarra samtaka, á miklu starfi sjálfboðaliða. Jason þakkar þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem starfa í þágu blaksins og telur vinnu þeirra seint metna til fjár né þökkuð að fullu.

Íþróttastarfið hjá hinum ýmsu greinum gengur alltaf í bylgjum. Blakstarfið hefur farið hægt vaxandi á undanförunum árum og er það vel en betur má ef duga skal.

Framundan er afmælisár sambandsins en það verður 40 ára þann 11. nóvember 2012.

Jason segir það bíða næstu stjórnar að ákveða hvernig afmælisins verður minnst og segir allar tillögur vel þegnar. Einnig minnst hann á mikilvægi þess að safna saman öllu efni er varðar sögu sambandsins til þess að nota þegar að því kemur að skrifa sögu þess.

Jason væntir þess að þingið megi verða starfssamt og verði liður í því að auðga starf sambandsins. Að því mæltu segir hann 39. ársþing Blaksambands Íslands sett.

Næst sæmir formaður BLÍ Ástu Sigrúnu Gylfadóttur starfsmerki BLÍ.

1. Þingsetning, kosning þingforseta og þingritara

Formaður stingur upp á Jóni M. Ívarssyni sem þingforseta og Sævari Má Guðmundssyni sem þingritara. Það er samþykkt einróma. Því næst felur hann þingforseta að stjórna þinginu.

2. Kosning í starfsnefndir þingsins;

Þingforseti gerir tillögu um að sameina Laga-, leikreglna- og allsherjarnefnd í eina nefnd – enginn hefur á móti því og er það samþykkt.

- a. *Kjörbréfanefnd*, Björn Guðbjörnsson stýrir henni og með honum starfa Gunnar Garðarsson, Arnar Smári Þorvarðarson.
- b. *Fjárhagsnefnd*, Jason Ívarsson stýrir nefndinni.
- c. *Laga-, leikreglna- og allsherjarnefnd*, Stefán Jóhannesson stýrir nefndinni.
- d. *Uppstillingarnefnd*, Sævar Már Guðmundsson stýrir nefndinni.
Þingforseti biður þingfulltrúa að skrá sig í nefndir á þar til gerðum blöðum sem eru í salnum.

3. Skýrsla síðasta starfsárs

Jason Ívarsson fer yfir skýrslu stjórnar. Um hana má sjá nánar í ársskýrslunni.

Næst gerði Björn Guðbjörnsson grein fyrir starfi kjörbréfanefndar.

Kjör bréf fyrir 6 aðildarfélög.

ÍBA eru tveir, Gunnar Þ. Garðarsson, Stefán Jóhannesson.

ÍBR eru sjö, Árni Ingi Garðarsson, Agla Sigríður Björnsdóttir, Sigurlaugur Ingólfsson, Sævar Már Guðmundsson, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Halldór Ingi Kárason var ekki viðstaddur

HSK Gunnhildur Hinriksdóttir og Jason Ívarsson

UMSK: Þorgerður Kristinsdóttir, Guðrún Kristín Einarsdóttir, Mundína Kristinsdóttir, Sigurður Grétar Eggertsson, Ásta Sigrún Gylfadóttir, Kolbrún J. Erlendsdóttir, Zdravko Demirev, Arnar Smári Þorvarðarson, Brynja María Ólafsdóttir.
HSH Garðar Svansson
ÚÍA Miglena Apostolova

Enginn fer með 3 atkvæði á þinginu og eru því 20 þingfulltrúar mættir með 20 atkvæði af 68.

Kjörbréfanefnd leggur til að kjörbréfin verði samþykkt.

4. Reikningar síðasta starfsárs

Í fjarveru gjaldkera les framkvæmdastjóri upp ársreikninga og skýrir þá.

Þingforseti kveður upp úr með það að þingið sé löglega boðað og þar með löglegt og því hægt er að bera upp reikninga síðasta árs.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Guðrún Kristín spyr um hvar peningar sem ætlaðir eru í yngriflokkastarfið séu. Er búið að stofna reikning fyrir yngriflokkana?

Björn Guðbjörnsson – óskar stjórn til hamingju með gott starfsár. Spyr um 1,7 m. skuldir félaganna til BLÍ.

Jason Ívarsson svarar hvar peningar liggja. Peningarnir eru merktir yngriflokkastarfinu, ein formleg umsókn barst en enginn hefur sótt formlega um en allir kostnaður verði greiddur sem hefur fallið á yngriflokkastarfið. Varðandi sjóðinn – þá er ekki búið að fullklára reglugerð fyrir sjóðinn. Hann þakkar einnig góð orð í garð stjórnarinnar.

Sævar svarar fyrirspurn Björns um skuldir félaganna. Megnið hefur verið greitt nú þegar.

Jón M. Ívarsson óskar sambandinu til hamingju með gott ár.

Fleiri kveða sér ekki hljóðs.

Reikningar bornir upp og samþykkt samhljóða.

5. Ávarp fulltrúa ÍSÍ

Garðar Svansson fulltrúi ÍSÍ

Hann flytur kveður frá stjórn og framkvæmdastjórn ÍSÍ og sagði það sitt fyrsta embættisverk að koma á blakþing. Óskar BLÍ til hamingju með skýrsluna og gott starfsár. Gaman að heyra að starfið hefur gengið vel og sé í vexti.

Garðar sæmir Björn Guðbjörnsson gullmerki ÍSÍ. Björn var formaður BLÍ frá 1994-1995 og 2002-2005.

6. Ávarp annarra boðsgesta

Enginn talaði undir þessum lið.

7. Fjárhagsáætlun næsta starfsárs

Jason Ívarsson leggur fram rekstraráætlun 2011. Leggur til að henni verði vísað til fjárhagsnefndar.

8. Laga- og leikreglnabreytingar

Engar tillögur bárust þinginu.

9. Aðrar tillögur og mál lögð fyrir þingið

Engar tillögur né mál lögð fyrir þingið.

10. Umræður um framkomin mál og tillögur

Engar umræður voru þar sem engar tillögur bárust.

Þinghlé – Hádegisverður kl.11.30

11. Nefndarstörf – hefjast kl. 12.00

Kjörbréfanefnd: Björn Guðbjörnsson leggur til að þingheimur samþ. Gunnlaug B Snædal sem þingfulltrúa ÍBR. Samþ. samhljóða.

12. Nefndarálit, tillögur og atkvæðagreiðslur

Þingforseti kallar eftir álitum nefnda klukkan 12.25.

Formaður Allsherjarnefndar tekur til máls: Stefán Jóhannesson

Engum málum var vísað til nefndarinnar en engu að síður ræddi nefndin ýmis mál. Nefndin vill skora á stjórn BLÍ að taka til endurskoðunar stigakerfi hreyfingarinnar, meistaraflokkana, öldungamót og yngriflokkanna. Það er nokkur óánægja í hreyfingunni um stigagjöfina.

Nefndin ræddi einnig um notkun tæknileikhléa og vill skora á BLÍ að endurskoða þessar reglur. Þessi mál skipta máli í hreyfingunni og er stjórn BLÍ hvött til að gera breytingar.

Fjárhagsnefnd – Jason Ívarsson tekur til máls. Helstu breytingar frá framlagðir fjárhagsáætlun eru þær að mótatekjur verði hækkaðar upp í sjö milljónir sem stafar m.a. af hækkun á greiðslum til dómara og ferðakostnaði þeirra. Rekstrargjöld. Yfirstjórn hækkar í 7,5 milljónir vegna þess að starfshlutfall framkv.stj. hefur verið hækkað í 100% þannig að niðurstaða verði 29 millj. Hagnaður lækkar úr 4 milljónum í 2,5 milljón.

Fjárhagsáætlunin var samþykkt einróma

13. Ákveðið gjald ævifélaga

Jason tekur til máls – það er lagt til að gjald ævifélaga verði óbreytt eða krónur 100.000

Samþykkt einróma

14. Önnur mál

Mælendaskrá opnuð –

Guðrún Kristín Einarsdóttir

Hún ræddi um hugðarefni sitt sem er yngriflokkamál BLÍ.

Nefnir þjálfararáðstefnu og afreksbúðir. Langar að tala um hluti sem voru nefndir á á síðasta ársþingi. Styrktarsjóður yngriflokka var stofnaður og útbreiðslusjóður. Það átti að endurskoða á þessu þingi. Ekkert hefur gerst í þessum málum hingað til Hún vill gengið verði frá reglugerðum um þessa sjóði.

Yngriflokkaneftindin sótti um pening í sjóðinn og fékk það samþykkt. Þetta er ekki á heimasíðu BLÍ. Að hennar mati þarf gjaldkeri BLÍ að vinna meira með YFN BLÍ.

Þurfum að sjá fleiri í að kenna íþróttina og auka við okkar félög og iðkendur.

Hvað ætlum við að gera við þennan sjóð? Vil fá svör um það. Eins með útbreiðslusjóðinn? Erum að taka hálfskref sem gleymast.

Ásta Sigrún Gylfadóttir tók næst til máls og ræddi fyrirkomulag deildarkeppninnar. Hún velti því upp hvort hægt væri að leika tvo leiki í sömu ferðinni út á land. Einnig var það hennar skoðun að í úrslitakeppni þyrfti að vinna þrjá leiki tíð, Íslandsmeistaratignar.

Gunnar Garðarsson

Hann vildi koma þeirri ábendingu til stjórnar að íþróttasambönd væru að klikka með boðun á ársþingið. Stjórn segist hafa sent út með tveggja mánaða fyrirvara.

Hann beindi því til dómaranefndar að auka veg og virðingu dómgæslu á ölduna- og yngriflokkamótum. Hann var sammála því að taka tæknihléin í burtu og vildi samræma stigagjöf því sem almennt gengur og gerist í heiminum..

Jason Ívarsson

Hann svaraði framkomnum fyrirspurnum og hugleiðingum. Hann sagði góð og gegn mál hafa komið fram. Reglum um fjölda úrslitaleikja hefur verið breytt frá því að hafa einn leik upp í það að þurfa að vinna þrjá leiki.

Varðandi þingboðunina þá er það sent til íþróttabandalaga og héraðssambanda samkvæmt lögum BLÍ.

Stigagjöf var síðast breytt á síðasta þingi sem virðist ekki falla í kramið hjá leikmönnum. Vel er athugandi að breyta henni aftur.

Drög að reglugerð fyrir sjóði yngriflokka er til en ekki hefur enn tekist að fullgera hana. Það eru til peningar sem fara í yngriflokkastarf og útbreiðslu þó þeim sé ekki útdeilt með kerfisbundnum hætti. Hann óskar eftir samvinnu yngriflokkaneftdar við stjórn BLÍ um útfærslu málsins enda er það sameiginlegta hagsmunamál hreyfingarinnar allrar.

Jason minnst svo á niðurlagsorð skýrslu stjórnar. Þar er m.a. fjallað um umgjörð leikja. Félögin þurfa að komast uppúr kunningjasamfélaginu og fara að taka sig sjálf og starf sitt alvarlega. Það þurfa að vera nægir starfsmenn sem mæta tímanlega til starfa fyrir leiki. Heldur hefur þokast í rétta átt en samt er langt í land að ástandið verði ásættanlegt. Það virist lenska hér á landi að reglur séu fyrir alla aðra en viðkomandi. Á haustdögum var haldinn ágætur fundum með forsvarsmönnum félaganna en sá góði andi og áform skiluðu sér ekki að öllu leyti áfram í hreyfinguna. Að lokum kynnti Jason nýja hátíðar- og borðfána Blaksambandsins.

Ásta Sigrún Gylfadóttir

Hún sagðist hafa verið á úrslitaleik dönsku deildarinnar nú í vor. Þar hafi húsið verið fullt af krökkum því úrslitakeppni yngri flokka fór fram á sama tíma. Hún taldi að við gætum haft svipað fyrirkomulag og þar með gætu krakkarnir séð sínar hetjur spila í úrslitaleikjum.

Guðrún Kristín Einarsdóttir

Tekur undir þetta með Ástu. Að hennar mati væri hægt að spila þetta í Mosfellsbæ. Hún hvetur til samvinnu á milli yngriflokkaneftdar og mótaneftdar.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs.

15. Kosningar;

Sævar Már Guðmundsson tekur til máls sem formaður uppstillingarneftdar:

Jason Ívarsson var kjörinn formaður BLÍ til tveggja ára með lófaklappi Svala Vignisdóttir og Aðalsteinn Einar Eymundsson voru kjörin í stjórn til tveggja ára. Óskar Hauksson, Valdimar Hafsteinsson og Hreggviður Norðdahl voru kjörin í varastjórn til eins árs.

Þingforseti þakkar þingritara vel unnin störf og þingheimi fyrir gott þing og gaf svo Jasoni Ívarssyni formanni BLÍ orðið.

16. Þingslit

Jason Ívarsson formaður BLÍ þakkar traust þingheims með að kjósa sig sem formann BLÍ. Þingfulltrúum þakkar hann fyrir vel unnin störf og málefnalega umræðu. Hann þakkaði einnig fráfarandi stjórnarmönnum fyrir þeirra störf um leið og hann bauð nýja velkomna til starfa. Hann þakkaði einnig framkvæmdastjóra fyrir góða vinnu við ársskýrslu sambandsins og við undirbúning þingsins. Að lokum þakkaði hann þingforseta fyrir

röggsama stjórn á þingheimi og óskaði öllum góðrar heimkomu. Svo sagði hann 39. ársþingi BLÍ slitið.

Þingi slitið klukkan 13.05.

Sævar Már Guðmundsson, þingritari.

Jón M. Ívarsson þingforseti.

Rekstraráætlun fyrir 2011

	skýr	Áætlun 2011	Rauntölur 2010
Rekstrartekjur			
Framlög og styrkir.....	1	11.500.000	10.456.101
Mótatekjur.....	2	7.000.000	4.327.489
Aðrar tekjur.....	3	13.000.000	7.883.395
		31.500.000	22.666.985
Rekstrargjöld			
Yfirstjórn.....	4	7.500.000	4.829.558
Íþróttaleg viðskipti.....	5	20.000.000	13.977.213
Útbreiðslusjóður.....	6	750.000	1.281.495
Önnur gjöld.....	7	500.000	634.777
Afskriftir.....	8	250.000	250.000
		29.000.000	20.973.043
Hagnaður (tap) fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		2.500.000	1.693.942
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....	9	1.000	586
Vaxtagjöld.....	10	-350.000	(619.139)
		(349.000)	(618.553)
Hagnaður (tap) ársins		2.151.000	3.392.014

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	skýr	Áætlun 2011	2010
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	11	10.000	586
Blakdúkur.....	12	1.000.000	(619.139)
<i>Fastafjármunir samtals</i>		1.010.000	(618.553)
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur.....	13	2.000.000	1.161.290
Handbært fé	14	150.000	31.159
<i>Veltufjármunir samtals</i>		2.150.000	1.192.449